

Áfram Óli!

Smásagnasafn fyrir grunnskóla

Kennsluleiðbeiningar eftir Kristínu Jónsdóttur

Vorið 1997 efndu Samtök móðurmálskennara til smásagnasamkeppni og fengu bókaútgáfu Máls og menningar í lið með sér. Fyrstu verðlaun hlaut Brynhildur Þórarinsdóttir fyrir sögu sína *Áfram Óli!*, önnur verðlaun Emilía Baldursdóttir fyrir söguna *Grímsi bróðir* og þriðju verðlaun fékk Úlfar Harri Elíasson fyrir söguna *Græni jakkinn*. Verðlaunasögurnar eru fremst í smásagnasafninu en á eftir þeim koma tólf góðar smásögur sem Hildur Hermóðsdóttir og Þórður Helgason völdu úr þeim 150 sögum sem bárust í keppnina.

Höfuðmarkmið samkeppninnar var að hvetja höfunda til að skrifa sérstaklega fyrir börn og unglunga. Sögurnar hæfa því þeim lesendahópi, bæði hvað varðar efni og form. Með útgáfu bókarinnar er nýtt og áhugavert lesefni orðið öllum aðgengilegt, en bókin hentar vel til kennslu í 6. – 10. bekk grunnskóla. Kennsluleiðbeiningunum er ætlað að létta kennurum undirbúning kennslu, kveikja hugmyndir og stuðla að fjölbreyttri notkun bókarinnar *Áfram Óli!*

- **Kennsluaðferðir** – inngangsorð um leiðbeiningarnar og markmið þeirra
- **Lestarleiðir** – tillögur að vali á sögum eftir aldri nemenda og lestrarfærni
- **Tengsl** – móðurmálskennslu og kennslu annarra námsgreina
- **Um hverja sögu** – umfjöllun og viðfangsefni fyrir bekk eða hóp nemenda
- **Einstaklingsverkefni** – sem líka má nota sem heimaverkefni
- **Höfundar smásagnanna** – kynningar
- **Heimildir** – bækur og annað efni sem vísað er til

Kennsluaðferðir

Í umræðu um heildstæða móðurmálskennslu er gjarnan lögð áhersla á lestur vandaðra texta og virka og fjölbreytta vinnu með þá. Kennsluleiðbeiningarnar taka mið af þessu og smásögurnar í *Áfram Óli!* henta vel sem kennsluefni samhliða aðalkennslubókum móðurmáls í grunnskóla.

Töfrar bókmenntanna

Meginmarkmiðið með lestri sagnanna er að nemendur læri að njóta töfra tungumáls og bókmennta og noti sköpunarhæfileika sína með ýmsu móti í tengslum við lesturinn. Því er mikilvægt að nemendur lesi sögurnar saman og fái tækifæri til að ræða um þær sín á milli og við kennarann. Einnig er lagt til að þeir fái við upplestur, leiklestur og hlutverkaleik; skrifi fréttir og hugleiðingar, persónulýsingar og spakmæli; athugi byggingu sagna og myndmál, tíma og tákni; teikni og máli; spreyti sig á handritagerð fyrir útvarp og sjónvarp eða leikhús; og túlki smásögurnar í teikningum, ljósmyndum og ljóðum.

Lestur til yndisauka

Það er alls ekki sjálfgefið að börn og unglingar lesi sögur sér til ánægju. Margir kennarar fullyrða að stór hópur nemenda nenni ekki lengur að lesa, aðrir lýsa áhyggjum af einbeitingarskortum og úthaldsleysi nemenda við lestur. Þá vill stundum gleymast að þó nemendur lesi lítið þekkja þeir samt fjölda sagna og eru læsir á ýmiss konar sögur og söguform önnur en prentað mál á bók. Margt af því er myndrænt, m.a. vegna vinsælda sjónvarps, myndbanda og tölvuleikja. Þessir miðlar eru oft mjög frekir á athyglina því þeir nota ekki bara sögur og texta heldur og ljós, hljóð og mynd.

Perry Nodelman hefur skrifað um það í bók sinni *The Pleasures of Children's Literature* að það beri að beina athyglinni að öllum sögu- eða textatengslum.

Nemendur þurfi að fá að tengja nýja sögu, nýja reynslu, þeim textum eða sögum sem þeir hafa þegar í farteskinu – hvort heldur það eru gullaldarbókmenntir eða sögur úr sjónvarpinu – og fá að njóta bókmennta á eigin forsendum. Greining sem leiði til einnar rétttrar túlkunar sé í raun ekki möguleg og áherslan í bókmenntakennslu þurfi að færast frá verkinu til nemandans sem lesanda og túlkanda.

Þessar hugmyndir Perrys eru athyglisverðar og auðvelt að taka undir með honum um að mikilvægt sé að kenna nemendum að lesa sér til ánægju. Það geta móðurmálskennarar gert með því að skapa jákvætt andrúmsloft og næði til lestrar og hvetja til skoðanaskipta og umræðna um sögur og annan skáldskap. Smásagnalestur gæti opnað leið og kveikt áhuga á lestri lengri verka.

Kennsluleiðbeiningar

Bent er á eina eða fleiri leiðir í lestri og kennslu í umfjöllun **um hverja sögu**. Þar sem kennarar þekkja vel margar þessara aðferða eru lýsingar stutturðar en jafnframt bent á ítarlegri **heimildir**. Því fer fjarri að áhugaverð viðfangsefni séu öll upp talin og nauðsynlegt að kennarar nýti sér hugmyndir og tillögur sitt á hvað milli sagna.

Að lesa í hljóði er líka gott og gilt – og **einstaklingsverkefni** geta þá komið að gagni. Þau veita leiðsögn að meginþema eða vekja til umhugsunar um ákveðna efnisþætti. Þessi verkefni má einnig nota sem heimaverkefni, til undirbúnings eða að lokinni bekkjarkennslu.

Höfundar smásagnanna er kynntir stuttlega í bókinni og þessum leiðbeiningum enda opnar það kennurum möguleika til að vinna frekar með textatengsl, stíl og höfundareinkenni.

Við allra hæfi – eða hvers og eins

Kennsluaðferðirnar og viðfangsefnið má í flestum tilfellum nota jafnt í 6. sem 10. bekk, ef umfang verkefna og viðmið eru löguð að aldri og færni nemenda. Í leiðbeiningunum er stuttur kafli um **lestrarleiðir** þar sem finna má tillögur að vali á sögum eftir aldri nemenda og lestrarfærni.

Námsmat þarf að undirbúa og aðlaga á sama hátt. Mikilvægt er að gera alltaf ráð fyrir námsmati, sama hvaða kennsluaðferðum er beitt. Stuttar, skrifaðar umsagnir án einkunna geta þar komið að góðu gagni.

Tengsl

Oft vilja kennarar tengja saman kennslu í móðurmáli og öðrum námsgreinum. Hér bendi ég á nokkra möguleika og geri betur grein fyrir þeim í umfjöllun um hverja sögu.

Íslandssaga – sjómennska

Tilvalið er að lesa söguna *Róður* í tengslum við umfjöllun um atvinnuþróun á þessari öld og um sjómennsku fyrr og nú. Hún gefur ekki síður gott tilefni til umræðna um störf barna og unglinga, atvinnuþátttöku og ábyrgð.

Forvarnastarf

Nokkrar sögur í bókinni eru afbragðsgóðar til umfjöllunar um ýmis þau málefni sem kennarar taka á í forvarnastarfi, svo sem í tengslum við kennslu á námsefninu *Að ná tökum á tilverunni*. Í sögunni *Skuggar húsanna* er fjallað um fjölskyldu alkóhólista frá sjónarhóli barns, en í *Addi bróðir minn* um örlög fikils og áhrif eiturlyfjaneyslu hans á alla nátengda. Vandí afbrotaunglinga er til umfjöllunar frá óvenjulegu sjónarhorni í *Handtökunni*.

Samskipti og lífsleikni

Hérna ... gefur gott tilefni til umræðna um samskipti stráka og stelpna á unglingsaldri. *Axel* er góð kveikja að umræðum um vináttu. *Faðir og sonur* gefur færi á umfjöllun um væntingar og samskipti foreldra og unglinga. Í *Áfram Óli!* er nærfærin lýsing á fyrstu kynnum barns af sorg og í *Leyniþráðum* er fjallað um sviptingar í lífi unglingsstúlku – en í báðum sögum eru umferðarslys miklir orlagavaldar.

Samstarf við listgreinakennara

Ástæða er til að hvetja til samstarfs við listgreinakennara og fá nemendur til að tjá sig um smásögurnar bæði í myndum og tónum. Til dæmis er *Græni jakkinn* saga sem gaman væri að vinna með í tónlist.

Lestrarleiðir

Aldur og lestrarfærni

Víst er að margir, sem koma höndum yfir bókina, munu lesa hana alla, en kennarar þurfa oftast en ekki að velja sögur úr til umfjöllunar - allt eftir markmiðum móðurmálskennslunnar, aldri nemenda og lestrarfærni. Aldurshópurinn, sem bókin höfðar til, er nokkuð stór og því mætti skipta sögunum í tvo flokka, en nokkrar sögur eiga þó erindi við alla nemendur jafnt.

Allir nemendur

Áfram Óli!, Grímsi bróðir, Græni jakkinn, Axel, Róður, Addi bróðir minn.

6. – 7. bekkur

Lífsins steinn, Snigill og stuttbuxur, Brynjan, Grímur Óðins grenjaskytta.

8. – 10. bekkur

Skuggar húsanna, Hérna ..., Handtakan, Leyniþræðir, Faðir og sonur.

Lestrarferfiðleikar

Snigill og stuttbuxur er góð saga fyrir nemendur á öllum aldri sem eiga í lestrarferfiðleikum. Frásögnin er myndræn, setningar stuttar og atburðarásin skýr og hröð. Þessi saga hentar þeim líka vel til upplestrar.

Hérna ... er einnig létt aflestrar, stutt saga sem leiftrar af húmor og er líkleg til að fanga athygli unglunga.

Um hverja sögu

Áfram Óli!

eftir Brynhildi Þórarinsdóttur

bls. 9-14

Sagan er um örlagaatburð sem hefur mikil áhrif á börn sem standa nærri, allt til fullorðinsára. Frásagnartæknin er grípandi, þannig að sagan höfðar til ólíkra aldurshópa á mismunandi vegu. Allir geta hrifist með.

Kveikja

Bókin ber nafn þessarar sögu og því er upplagt að nota hana til að vekja áhuga nemenda á bókinni. Ljósritaðu fyrsta hluta sögunnar sem lýkur á orðunum “eins og tíminn breyttist og liði öðruvísi en venjulega.” (bls. 10) Hver nemandi fær ljósrit, les í hljóði og stutta stund íhugar hann einn með sjálfum sér hvað hafi gerst. Kennarinn opnar umræðu um hvaða örlagaatburður þetta geti verið og öllum tillögum er vel tekið. Þá er bókinni dreift og sagan lesin í heild.

Lesum saman

Ein kunnasta kennsluáferðin í bókmenntum á vel við ef ofanefnd kveikja er notuð. Nemendur og kennari skiptast þá á um að lesa söguna upphátt fyrir bekkinn. Sagan er sorgleg og glaðleg í senn. Það skilar sér betur ef kennarinn les sjálfur viðkvæmustu hlutana, s.s. lýsinguna á Óla á spítalanum og síðustu efnisgreinina – en kennarinn einn er búinn undir lesturinn. Vekið athygli á hlut veðurlýsinga, m.a. í upphafi sögunnar, og rigningunni sem er einskonar forboði sorgar í rjómabliðu æskunnar.

Umræða um slys, sorg og dauðann

Eftir sameiginlega lestrarstund á vel við að ræða um þennan örlagaríka atburð.

1. Er slys tilviljun eða ráða forlög?
2. Hvernig er sorginni lýst, hvernig birtist hún hjá Möggu og Tarzani þetta sumar?

3. Af hverju stendur í sumum minningargreinum: Þeir sem guðirnir elska deyja ungir?
4. Ræðið um hvaða merking felst í lokasetningu sögunnar - og munum að nemendur geta túlkað hana á mismunandi vegu.

List smásögunnar

Hér gefst gott tilefni til að ræða um smásöguna sem listform – hvað það sé sem geri smásögu að smásögu. Algengt er að smásögur snúist einmitt um einn örlagaatburð, vendipunkt eða tímamót í lífi aðalpersónunnar og oftast nær eru persónur fáar.

Afhjúpun er meginhugtak í umfjöllun um smásögur. Í þeim afhjúpast innsta eðli og dýpstu tilfinningar – eða eitthvað alveg óvænt. Í inngangi að smásagnasafninu *Í fáum dráttum* er greinargóð umfjöllun um helstu einkenni smásagna sem og í *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*.

Tími í skáldskap

Örlagaatburðurinn gerðist í Reykjavík fyrir tveimur til þremur áratugum, sbr. t.d. kramarhúsið utan um kúlurnar og sjónvarp í sumarfríi. Sagan gerist bæði þá – þegar Óli, Tarzan og Magga voru tíu ára – og nú, þegar Magga rifjar hann upp sem fullorðin kona. Við flökkum fram og aftur í tíma - eins og í kvikmynd. Vekjum athygli á að eftir slysið var “eins og tíminn breyttist og liði öðruvísi en venjulega”. Hvað skyldi höfundur eiga við?

Nú mætti ræða við eldri nemendur um tíma sem fyrirbæri í skáldskap. Benda á að þessi saga er á mörgum tímaplönnum – og tími mikilvægt atriði í byggingu hennar. Sagan er samt öll skrifuð í þátíð nema þegar sú sem segir söguna (sögumaður) er mjög nálæg og talar beint til okkar lesendanna. Tímaplönin má útskýra með því að teikna hringi, hvern utan um annan. Í innsta hring er slysið. Í næsta hring sumarið sem þetta gerðist og þau voru tíu ára, Óli, Tarzan og Magga. Í þriðja hring er Magga, kona líklega um þrítugt sem stendur ásamt Jóni við hliðarlínu fótboltavallarins. Hún rifjar upp æsku sína, flakkar á milli tímaplana og segir söguna. Í fjórða hring er Brynhildur, höfundurinn sem skrifar söguna – og kannski eiga þær Magga eitthvað sameiginlegt.

Verkefni – að skrifa frétt

Nemendur fá það verkefni að skrifa frétt um atburðinn sem lýst er í sögunni, gjarnan tveir og tveir saman. Í fréttinni þarf að svara því hvað gerðist, hvar, hvenær, hvernig, hvers vegna og hverjir áttu hlut að máli. Þessar lykilspurningar má skrifa á töfluna. Vekið athygli nemenda á muninum á frétt og smásögu. Rithöfundur glæðir persónur og atburði lífi og tilfinningu, m.a. með myndrænum lýsingum. Fréttamaður vill halda sig við staðreyndir og þá er oft ógerlegt að svara spurningunni – hvers vegna?

Til hliðsjónar við námsmat: Góð frétt er stutt og í samfelldu máli. Í henni er fyllsta tillit tekið til aðstandenda.

Grímsi bróðir

eftir Emilíu Baldursdóttur

bls. 15-31

Þessi saga er virkilegur skemmtilestur, létt aflestrar og leiftrandi fyndin. Stóra systirin Gréta segir söguna, lýsir Grímsa bróður sínum, segir sögur af honum og rifjar upp lygasögur sem hann hefur sagt.

Lesum saman - lesum heima

Lesturinn má gjarnan hefja í kennslustund en biðja síðan nemendur að ljúka lestrinum heima því sagan er löng. Þegar fyrstu fjórar, fimm síðurnar hafa verið lesnar upphátt er tilvalið að brjóta upp og ræða við nemendur um mikilvægi persónulýsinga í skáldskap. Velta vöngum yfir því hvernig lífinu er blásið í persónur eins og Grímsa og Grétu, en hún lýsir sér bæði beint og óbeint með því sem hún segir um Grímsa. Benda nemendum á að skoða hvernig höfundur fer að við að skapa aðrar persónur sem síðar koma til sögunnar - t.d. mömmu og Sillu í Kaupfélaginu - með lýsingum bæði á útliti, innræti, hegðun og daglegu amstri þeirra. Þetta mega nemendur gjarnan hugleiða samhliða heimalestrinum.

Leiklestur

Vandaður upplestur á leikrænum texta er oft nefndur leiklestur. Þá er textanum skipt niður á hlutverk persóna og sögumanns, en ef texti sögumanns er mikill má skipta hlut hans í tvennt. Engar tilfæringar þarf í stofu og leikbúningar eru óþarfir. Nauðsynlegt er að nemendur standi upp og lesi yfir hópinn. Í handbókinni *Upplestrarkeppni í 7. bekk grunnskóla* er lögð áhersla á þetta og segir þar: "Þegar nemendur lesa úr sæti sínu slaknar framburður og flutningur allur, og upplesturinn glatar tilgangi sínum." (Baldur Sigurðsson, 1997, bls. 8)

Þrjár sögur í sögunni *Grímsi bróðir* er tilvalið að leiklesa; söguna um köttinn, söguna um barnið og ömmusöguna. Í hverri þeirra eru hlutverk Grétu sem er sögumaður, Grímsa sem er aðalstjarnan og þriðju persónunnar, mömmu, Sóleyjar eða Sillu í Kaupfélaginu. Þrjár eða fjórir nemendur eru um hverja sögu og þeir eru beðnir að undirbúa leiklesturinn heima. Hægt er að skipa í hlutverk fyrirfram en stundum er

betra að fá nemendum einungis það verkefni að lesa sína sögu vel með leiklestur í huga og skipa í hlutverk þegar lesturinn fer fram. Þetta getur létt á óþarfa spennu því stundum þarf að minna á að leiklestur á ekki að vera leiksýning heldur líflegur, undirbúinn upplestur.

Verkefni – í sporum Grímsa

Sagan geymir margar skondnar sögur og skemmtilegar persónulýsingar og nemendum er nú falið að setja sig í spor Grímsa. Þeir hafa um þrjá kosti að velja.

1. Skrifa lýsingu á Grétu systur – einmitt eins og Grímsa finnst hún vera.
2. Skrifa litla sögu - sanna eða logna - um spaugilegan atburð í lífi barns.
3. Vera tveir saman og segja hvor öðrum frá fyndnu atviki.

Það skiptir máli að hvetja nemendur til að róta í minningasjóði sínum og rifja upp atvik í svipuðum dúr og þau sem Grímsi átti aðild að – og færa þau í frásögn. Minna á að það er hollt að geta hlegið að sjálfum sér. Sjálfsagt er að þeir sem vilja lesi texta sína upp fyrir bekkinn. Frásagnargleðin skiptir hér mestu og jákvæð umsögn kennarans örvar nemendur til frekari dáða.

Græni jakkinn

eftir Úlfar Harra Eliasson

bls. 33-39

Ljóðræn, myndræn og dularfull saga. Gefur kennara gott tilefni til að ræða um töfra tungumálsins og hvernig myndmál og myndrænar lýsingar geta skapað stemmningu og dulúð - og komið okkur á óvart.

Upplestur kennara - hugsýn nemenda

Ég legg til að nemendum sé sett fyrir að lesa söguna heima áður en hún er tekin til umfjöllunar. Kennsluna má hefja með stuttri umræðu um túlkun og skáldskap, nefna að engin ein túlkun sé endilega réttust. Biðja síðan nemendur að koma sér vel fyrir, loka augunum og njóta þess að sjá söguna verða að kvikmynd fyrir eigin hugskotssjónum - hugsýn sem byggi á þeirra eigin túlkun. Lesa söguna hægt og rólega.

Umræða um túlkun

Það ættu að skapast líflegar umræður um þessa sögu því það er næsta víst að nemendur hafa á henni ólíkar skoðanir. Varpa fram spurningum.

1. Hvar gerist sagan? (Óíslenskt umhverfi, torg í þorpi, búslóðin fer á vagna)
2. Hvenær gerist hún? (Ferðast á hestum og hestvögnum, veiðin í vatninu skiptir máli fyrir fæðuöflun þorpsbúa)
3. Um hvað fjallar sagan? (Fjallar hún um dauðann sem kallar menn til sín eða...)
4. Hver er í græna jakkanum? (Elskan hans, hann sjálfur?)

Þessa umræðu mætti a.m.k. með eldri nemendum tengja stefnum og straumum í unglingsbókmenntum, en um dulúð, forneskju og sókn í söguefni úr fortíðinni skrifar Þuríður Jóhannsdóttir í greininni Út fyrir borgarveggina - um þjóðlegan menningararf og sýn á íslenska náttúru í nokkrum nýlegum barnabókum, í *Röddum barnabókanna*, nýju greinasafni um barna- og unglingsbókmenntir.

Verkefni - upplestur

Sagan er mjög góð til upplestrar því mögnuð stemmningin gefur færi á blæbrigðaríkum lestri. Ef kenna á nemendum upplestur er þessi saga góð þegar farið hefur verið í undirstöðuatriðin. Myndbandið *Hátt og snjallt* (1997) er 22 mínútur og geymir góðar leiðbeiningar fyrir nemendur og kennara.

Verkefni í samvinnu við tónmenntakennara

Gaman væri að vinna að líflegri og dulmagnaðri flutningi í samvinnu við tónmenntakennara. Sagan einkennist af hljóði og hreyfingu (hægri eða hraðri) og gefur sérstakt tilefni til þessarar samvinnu. Móðurmálskennari skiptir niður textanum og æfir upplestur en tónmenntakennari gerir einfalda hljóðmynd með nemendum, t.d. með ásláttarhljóðfærum. Kostur væri ef allir nemendur tækju þátt í flutningnum, annað hvort læsu eða flyttu tónlist. Verkið mætti gjarnan flytja fyrir aðra, t.d. nemendur í vinabekk eða á bekkjarskemmtun fyrir foreldra.

Tákn

Í efri bekkjum grunnskóla er oft fjallað lítillega um tákn. Þessa sögu má tengja þeirri umfjöllun og ræða um persónuleg tákn, t.d. í samanburði við trúarleg, hefðbundin tákn eins og krossinn. Þau eru persónuleg því skáld eða rithöfundur hefur skapað þau og gefið þeim sérstaka táknræna merkingu, en ekki af því að hver og einn geti túlkað þau hvernig sem er. Með hliðsjón af þessu má ræða hvort við getum lesið í persónuleg tákn sögunnar og komist að sameiginlegri niðurstöðu. Hvað táknar græni jakkinn? Hvað táknar hljóðið?

Skuggar húsanna

eftir Guðríði Lillý Guðbjörnsdóttur

bls. 41-51

Í sögunni er því lýst af nærfærni hvernig skuggi af drykkju föður leggst yfir heila fjölskyldu og hefur lamandi áhrif á alla. Þetta er raunsæisleg lýsing og lágstemmd. Vekjum athygli á því að margt er ósagt og skiptir þó máli til jafns við það sem sagt er.

Forvarnir

Lestur sögunnar kallar á umfjöllun um áfengi, alkóhólisma og áhrif hans á aðstandendur. Gjarnan má tengja við umfjöllun um áfengi í námsefninu *Að ná tökum á tilverunni* ef nemendur fást við það. Alla umræðu þarf að móta vel eftir aldri nemenda og stýra henni þannig að hún leiði ekki - a.m.k. ekki strax - út í umræðu um unglíngadrykkju. Það er gott fyrir nemendur að ræða um drykkjuvandamál fullorðinna, þau geta verið gagnrýnni og tekið harðari afstöðu gegn drykkjuskap því þau samsama sig ekki föðurnum heldur börnunum í sögunni. Varist þó að nemendur fordæmi foreldrana. Það kann að særa einhvern í hópnum, því væntanlega er alkóhólismi vandamál í fjölskyldu einhvers eða einhverra barna í hverjum venjulegum bekk.

Umræður í litlum hópum

Þegar nemendur hafa lesið söguna, í skólanum eða heima, má hefja umræðuna með því að reifa hvernig alkóhólismi föðursins birtist í sögunni. Benda á að hann birtist í því sem pabbinn segir og gerir, en ekki síður í því sem mamman og börnin segja og gera - eða gera ekki. Fátt mælir gegn því að kynna og skýra hugtök eins og meðvirkni.

Þriggja manna hópar ræða saman um eftirfarandi spurningar. Þeim er uppálagt að vitna beint til ákveðinna setninga í sögunni. Tilvitnanirnar skipta máli til að átta sig á frásagnarlistinni og tækninni sem beitt er.

1. Stelpan segir söguna. Hvað heitir hún og hvað vitum við um hana?
2. Hvernig líður henni í upphafi sögunnar?
3. Hvernig breytist líðan hennar þegar pabbinn kemur heim?
4. Hvernig kemur pabbinn fram við fjölskylduna?

5. Hvernig bregst Sigga við því að pabbinn er drukkinn?
6. En litli bróðirinn, hefur ástandið á pabbanum áhrif á hann?
7. Mamman og pabbinn rífast í eldhúsinu (bls. 49) og hún segir: "Ég vil ekki búa við þetta lengur." Hvað gerir hún í málinu?
8. Hvað haldið þið að gerist eftir kvöldmatinn? Af hverju?

Að hópumræðum loknum - og stundum er nemendur mjög fljótir að ljúka þeim - kallar kennari eftir svörum og dregur umræðuna saman á óformlegan hátt. Vekur athygli á öllum tilvitnunum í textann sem nemendur koma með, leitar þær upp í síðum sögunnar, til þess beinlínis að sýna nemendum hvernig rithöfundur notar aðrar aðferðir til að segja frá en t.d. blaðamaður eða námsbókarhöfundur.

Einnig má benda á hvernig höfundur notar birtuna til frásagnar, það er sólskin í sögubyrjun en skuggar kvölds í sögulok. Útskýra hvernig þrífín má skilja táknrænt, mamman er sífellt að þvo og þrífa - kannski í þeirri von að vandinn skolist burt. Dóttirin, sem segir söguna, fer líka að þrífa og horfir á sjálfa sig í "gegnum táraflóðið á speglinum" (bls. 48), - bendum á skemmtilega tvíræðni í táraflóði/rúðuúða.

Verkefni - ljóðmynd

Nemendur eru beðnir að yrkja ljóð sem sé ein mynd af mörgum úr þessari sögu. Slíka ljóðmynd má hafa á frjálsum formi eða nýta eitthvert einfalt ljóðform, s.s. japanska formið hæku. Mörg börn og ekki síður unglingar hrífast af hækum, en um þær má m.a. lesa í bók Hafsteins Karlssonar *Ljóðagerð með börnum*.

Lífsins steinn

eftir Elías Snæland Jónsson

bls. 53-66

Í sögu þessari tengir höfundur saman velþekkt þjóðsagnaminni og sögu lítillar stúlku sem er hrædd um ömmu sína. Hér gefast ýmsir möguleikar á túlkun og skapandi viðfangsefnum og skemmtilegum tengingum við þjóðsögur.

Verkefni - að leita að heillasteinum

Gönguferð um fjöru eða grýtta fjallshlíð. Kennarinn les söguna fyrir nemendur, úti ef vel viðrar en annars inni, áður en haldið er af stað. Nemendur finna sér heillastein, óskastein, lífstein eða annan verndargrip. Þegar heim er komið sitja allir í hring, draga fram steininn sinn og segja í tveimur, þremur setningum frá því hvaða kraft þeir vonast til að steinninn búi yfir.

Verkefni - að teikna og mála

Þessi saga gefur gott tilefni til að fá nemendum það verkefni að teikna eða mála persónur sögunnar og túlka þannig upplifun sína á myndrænan hátt. Hvernig lítur Gilitrutt út? Mamma, amma og Sigga? Hvernig er umhorfs þarna í árgilinu?

Tengsl við þjóðsögur - textatengsl

Flestir krakkar kannast við söguna af Gilitrutt en í tengslum við lestur þessarar sögu er tilvalið að draga hana fram og lesa fyrir bekkinn. Ræða um hvað sé líkt með Gilitrutt þjóðsögunnar og Gilitrutt nútímans og að hvaða leyti þær séu ólíkar. Útskýra textatengsl, hvernig við tengjum alltaf nýja texta við það sem við höfum áður heyrt og lesið, ýmist meðvitað eða ómeðvitað. Hér séu tengslin skýr og sýnileg en oft séu þau duldari - og tengslin séu líka við sögur sem við höfum kynnst á öðru formi, s.s. í kvikmyndum og á myndböndum. Hvernig vilja nemendur túlka söguna - er kerlingin í gilinu alvöruskessa eða er hún stórgerð kona eða er hún hugarburður? Skiptir einhverju máli hvert svarið er? Er til eitt svar?

Einnig væri gaman að lesa eina, tvær þjóðsögur um magnaða steina, s.s. Óskasteininn á Tindastóli, en bæði hana og söguna af Gilitrutt er t.d. að finna í gömlum

lestrarbókum og þjóðsagnasöfnum. Í framhaldi af því - a.m.k. ef ekki var farið í gönguferð - mætti ræða um trú á mögnuð fyrirbæri, s.s. að vatn úr heilsulindum veiti lækningu, heillagrip, verndargrip og fleira. Gefum svo nemendum tækifæri til að segja sögur sem þeir hafa heyrt um slík efni.

Máttur bænarinnar

Lestur sögunnar *Lífsins steinn* má nota til að opna umræður um trú og mátt bænarinnar. Ræða um að kristin trú og þjóðtrú eru ekki ósamrýmanlegar andstæður heldur tveir þættir í íslenskri menningu. Af hverju segir fólk að trúin flytji fjöll? Minna á að ekki verði öllum alltaf að ósk sinni, sbr. niðurlag sögunnar þar sem mamma segist vona að lífsteinninn verði til þess að ömmu batni.

Verkefni - handrit að leikriti eða myndbandi

Þessi saga er kjörin til að kenna nemendum að búa til handrit eða leikgerð að sögu. Hægt er að láta þar við sitja eða leyfa þeim að vinna áfram, æfa og sýna leikrit eða taka myndband eftir handritinu.

Fyrst er að útskýra að sögunni megi skipta í senur. Hver sena afmarkast af sögusviðinu, umhverfinu þar sem hver atburður sögunnar fer fram. Þegar skiptir um sögusvið er komin ný sena. Þetta þekkja nemendur vel úr kvikmyndum. Þeir þekkja líka endurlit (flash back) eins og um er að ræða þegar Sigga hugsar heim, en sú sena fleygast inn í senuna þegar Sigga er við ána og hittir Gilitrutt í fyrsta sinn. Senuskiptin mætti gera á töflu í samvinnu við nemendur og skipta síðan bekknum í hópa þannig að hver hópur fái eina senu að fást við. Gróflega má skipta sögunni í:

1. Sigga við ána, hugsar heim.
2. Mamma segir sögur af óskasteinum og Gilitrutt. Þessi sena og sú næsta eru endurlit og innskot í fyrstu senuna.
3. Sigga og mamma heimsækja ömmu á spítalann.
4. Sigga hittir Gilitrutt og ræðir við hana. Senan er beint framhald fyrstu senu.
5. Sigga fer með mömmu sinni á spítalann til ömmu.
6. Mamma og Sigga fara í hjólatúr að ánni.
7. Sigga hittir Gilitrutt öðru sinni, innskotssena.
8. Sigga reynir að sýna mömmu Gilitrutt, þær ræða um ömmu og lífsteininn.

Hver hópur skrifar á eitt blað stutta lýsingu á sinni senu, segir frá hvernig er umhorfs, hvaða persónur koma fram og hvað þær eiga að gera. Á sama blað skrifar hópurinn textann sem persónurnar eiga að flytja. Textinn getur bæði verið eintal og samtal tveggja eða fleiri persóna. Hér þurfa nemendur eitthvað að umskrifa söguna og breyta t.d. hugsunum Siggu í eintal, en samtölin er best að taka beint upp úr sögunni. Þegar handrit að öllum senum liggur fyrir má steypa þeim saman í eitt handrit.

Þá er um nokkrar leiðir að velja. Hægt er fá litlum hópi nemenda það verkefni að leiklesa söguna eftir handritinu. Einnig mætti fá hóp til að æfa leikritið og sýna það síðan fyrir allan bekkinn. Loks - og kannski mest spennandi fyrir unglínga - er að fá áhugasaman hóp til að gera myndband eftir handritinu. Margir geta komið að því verki; leikendur, leikstjóri, myndatökumaður, leikmyndahönnuður, búningahönnuður, sviðsstjóri og kynningarstjóri sem býr til veggspjald og aðrar auglýsingar. Hér gæti *Áttavitinn* eftir Önnu G. Magnúsdóttur og Pál Ólafsson komið nemendum að gagni.

Snigill og stuttbuxur

eftir Kristínu Heiðu Kristinsdóttur

bls. 67-71

Með fallegu og aðgengilegu myndmáli er hér dregin upp tær og hrifandi mynd af sumardvöl lítills drengs í sveitinni hjá afa. Þar lærir drengurinn að virða allt sem lifir og að dauðinn er eðlilegur endir lífsgöngunnar.

Leikur með lykilorð og lokuð augu

Þessi leikur er til þess gerður að nemendur kalli fram myndirnar og sjái persónur standa sér ljóslifandi fyrir hugskotssjónum. Jafnframt öðlist þeir nánast áþreifanlegan skilning á því að orð hafa mismikið vægi í texta, að lykilorð bera meginþunga merkingarinnar í hverri málsgrein.

1. Kennari biður nemendur að loka augunum og hlusta vel, njóta sögunnar og kalla fram myndirnar í huga sér. Hann les söguna upphátt fyrir bekkinn.
2. Nemendur og kennari lesa nú söguna saman. Að loknum lestri hveftrar málsgreinar á að strika undir eitt til þrjú lykilorð í henni, þau orð sem samkomulag verður um að beri mesta merkingu. Í fyrstu kann þetta að vera tafsammt því nemendur vilja oft strika undir alltof mörg orð. Þeir eru þó oftast fljótir að sjóast og finna fljótt út hvað vegur þyngst. Þannig er öll sagan lesin og lykilorðin undirstrikuð.
3. Nú loka nemendur augunum að nýju. Kennarinn les nú einungis lykilorðin, hægt og rólega, og nemendur framkalla alla söguna í huga sér.

Lestrarferfiðleikar

Sagan er sérlega góð fyrir nemendur sem eiga erfitt með lestur. Málsgreinar eru stuttar, málfarið ljóst og létt en framvindan hröð. Sagan hentar vel til hljóðlestrar og einstaklingsvinnu, en einnig er tilvalið að benda stirðlæsum nemendum á hana þegar upplestur er á döfinni.

Addi bróðir minn

eftir Jón Dan

bls. 73-89

Hér segir af dapurlegum örlögum Adda sem er eiturlyfjaneytandi. Söguna segir yngri systir og þetta sjónarhorn barnsins gerir söguna áhrifamikla, m.a. í því að sýna áhrif eiturlyfjaneyslu Adda á líðan allra fjölskyldumeðlima, sem vita þó mismikið um vandann.

Frásagnartækni - að vita meira en sögumaður

Bendum nemendum á hvað frásagnartæknin skiptir miklu máli. Við kynnumst aðstæðum eins og þær horfa við Ingu systur Adda, af því að það er hún sem segir söguna. Við sjáum atburðina með hennar augum og uppgötvum smám saman, rétt eins og hún, hvað er á seyði. Eldri nemendum má benda á að unglingar og fullorðnir, sem sjá atburðina með augum Ingu, eru oft færir um að skilja þá og túlka á annan hátt en barninu er fært. Okkur er farið að gruna ýmislegt misjafnt áður en Inga litla áttar sig á óhamingju Adda. Þetta misræmi skapar spennu; við bíðum eftir því að hún uppgötvum hvernig ástatt er.

Lesum saman - tengjum forvarnastarfi

Ef nemendur fá kennslu í námsefninu *Að ná tökum á tilverunni* er kjörið að tengja umfjöllun sögunnar og fræðslu um skaðsemi eiturlyfjaneyslu. A.m.k. ættu nemendur að lesa söguna heima. Ef kostur gefst er gott að lesa síðan alla söguna saman í kennslustund með kennaranum, en ef það er of tímafrekt þarf að velja úr nokkra kafla. Meðfram samlestri gefst tækifæri til að ræða ýmis mikilvæg atriði um leið og þau koma fyrir í sögunni. Veltum upp spurningum eins og:

1. Hvað meinar mamma með "...stundum er slæmt að vera gjafmildur."(bls. 74)?
2. Hvað skyldi vera átt við með myndapappír? (LSD hefur verið sett í myndapappír.)
3. Gefið er í skyn að fíkn erfist (bls. 77). Er það sennilegt?
4. Ástandið á heimilinu er orðið óþolandi (bls. 78-79) en Ingu er ekkert sagt. Er það rétt gagnvart henni, systur Adda, eða hefðu foreldrarnir átt að upplýsa hana?
5. Afi lánar Adda peninga. Hvað mælir með því og hvað gegn því að lána fikli?
6. Malla vinkona Ingu snýr baki við henni og kýs aðra vinkonu. Af hverju?

Tilvalið er að leiklesa síðustu samverustund systkinanna, byrja á bls. 86 "Um nóttina heyrði ég þrusk ..." og enda á kaflaskilum, og lesa líka niðurlag sögunnar upphátt. Lofa síðan nemendur að ræða frjálst um örlög Adda og áhrifin á Ingu systur hans.

Verkefni - andstæður

Bendum á að andstæður eru ýmist áþreifanlegar eða úr raunheimi, eða huglægar, sbr. ást og hatur. Í andstæðum er fólgin hver sameiginlegur þáttur, dagur og nótt eru andstæður, stóll og fiðrildi ekki.

Nemendur eiga að skoða andstæðurnar sem fölgjar eru í sögunni. Hægt er að láta hvern nemanda skrifa upp andstæður á blað, draga síðan allar tillögur nemenda saman á töflu eða glæru og leiða þannig að umræðu um togsteitu persónanna sem fyrir er nefnd. Markmiðið - sem kennarinn heldur fyrir sig í byrjun - er að nemendur sjái og skilji betur togstreituna milli Adda bróður og Halls fíkils í persónunni Aðalsteini. Það er oft nefnt sem eitt megineinkenni fíkla að þeir séu nánast tvær persónur í einni og sömu manneskjunni. Nemendur þurfa einnig að átta sig á togstreitunni sem aðrar persónur upplifa í afstöðu sinni og breytni gangvart Adda og gagnvart öðrum fjölskyldumeðlimum. Átta sig á að eiturlyfjavandi Adda verður fjölskylduvandi sem tætir og skemmir, veldur sundrung og kvöl.

Verkefni - að mála eða móta í leir

Tilvalið er að fá nemendum það verkefni að túlka efni sögunnar og upplifun sína í mynd. Hvetja þá til að tjá togstreituna og tvöfeldnina ef hún hefur haft áhrif á þá, t.d. með því að fást við persónurnar tvær sem búa í Adda. Mála með vatnslitum eða olíupastellitum eða móta í leir.

Axel

eftir Guðrúnu Geirsdóttur

bls. 91-98

Þetta er ljúfsár saga um unglingsstelpu sem er einmana, nýflutt í bæinn. Hún æfir hlaup og eitt kvöldið hleypur hún ásamt annarri fram á særðan kött. Á myndrænan hátt sýnir sagan okkur fremur en segir hvernig vinátta stelpnanna kviknar af þessari sameiginlegu reynslu.

Stígandi spennan

Sagan er sögð frá sjónarhorni stelpunnar á einlægum og yfirlætislausum hátt - ekkert er ofsagt. Frásögnin er skemmtilega uppbyggð og spennan magnast hægt og rólega, frá því stelpurnar finna köttinn og þar til hann er kominn í fang eiganda síns, en lýsingin á gamla manningnum sem missir dýrið sitt er sérlega áhrifamikil. Þá dalar spennan ögn en stígur aftur inni í búningsklefa stelpnanna og nær hápunkti í síðustu málsgrein sögunnar. Trúnaður tengir þær saman og vináttan vaknar því þær hafa öðlast sameiginlega, áhrifamikla reynslu: Saman hjálpuðu þær særðu dýrinu og urðu vitni að djúpri sorg gamla mannsins - sorg sem fæstir vilja bera á torg. Þetta þrennt - vináttuna, spennuna og sorgina - er gott að hafa í huga ef kennari les söguna fyrir bekk sinn.

Upplestur kennara - umræða um vináttu

Þessa sögu er gott að hlýða á í upplestri kennara í kennslustund - en hún er líka prýðileg til lestrar heima. Að upplestri loknum er tilvalið að ræða við nemendur um vináttu og gildi hennar - helst í óformlegu spjalli sem síðan má fylgja eftir með verkefnum, sjá t.d. einstaklingsverkefni 4. lið.

Umræðu um vináttu mætti ýta af stað með eftirfarandi spurningum:

1. Stelpan í sögunni finnur að hún er utanveltu þótt stelpurnar í hlaupahópnum taki henni vel. Er þetta sönn lýsing á því hvernig nýfluttum krökkum líður?
2. Af hverju verða stelpurnar vinkonur við að upplifa þetta óvenjulega atvik?
3. Af hverju vill Svala ekki útskýra blóðblettina á íþróttapeysunni fyrir Bettý?
4. Þekkir einhver svipuð dæmi um að sameiginleg reynsla hafa skapað vináttu?

Verkefni - teiknum spennurit

Spennurit sýnir á grafískan hátt hvernig spenna í sögu stígur og hnígur, en með því að teikna það gera nemendur sér grein fyrir hvernig sagan hefur áhrif á þá og hvernig hún er uppbyggð.

Nemendur teikna tvo ása. Á lárétta ásinn skrá þeir atburði sögunnar, en á þann lóðrétta spennuskala, t.d. 1-10. Svo draga þeir línu þannig að hnitin hækka á y-ásnum þegar spennan stígur við nýjan atburð á x-ásnum. Þannig má teikna söguna frá upphafi til loka og fá út mynd af spennunni í sögunni, "fjallgarð" sem sýnir byggingu hennar. Margir hafa gaman af þessu og tilvalið er að fá þá til spreyta sig á að teikna spennurit af fleiri sögum. Síðan má bera spennuritin saman og velta vöngum yfir því hvað þau segja okkur um spennu og byggingu smásagna yfirleitt. Þá gæfist og gott tilefni til að fjalla um einkenni smásagna ef það hefur ekki verið gert fyrr (sjá List smásögunnar í umfjöllun um Áfram Óli!).

Hérna ...

eftir Brynhildi Þórarinsdóttur

bls. 99-105

Stutt og smellin lýsing á unglíngum, fjörugu ímyndunarafli og ævintýralegum draumórum. Sagan er eftir Brynhildi sem einnig samdi söguna *Áfram Óli!* Hér sýnir Brynhildur á sér nýja hlið en stílbrögðin eru grípandi sem fyrr.

Samskipti kynjanna

Sagan fjallar um samskipti kynjanna á unglingsaldri, séð frá bæjardyrum stráks sem er að springa af gelgju. Vakinn og sofinn er hann með hugann við draumastúlkuna sína, Maríu, sem hann reyndar hittir í sjoppunni daglega - orðlaus og ráðþrota. Höfundur gerir grín að öllu saman, en gamanið er græskulaust og sagan full af hlýju og skilningi. Þess vegna er ráð að lesa söguna, reyna að skapa sömu jákvæðu stemmninguna og nýta byrinn til að fjalla um samskipti stráka og stelpna og ástina sem lætur á sér kræla hjá unglíngunum.

Lesum saman - umræður í hópum

Gaman er að lesa söguna saman, nemendur og kennari. Ekki spillir að leiklesa hana ef nemendur hafa undirbúið sig með heimalestri. Að því búnu er best að vinna sér í léttu umræðu í 3-5 manna hópum, strákar og stelpur saman í hóp. Hver hópur ræðir eftirfarandi spurningar og á að vera reiðubúinn að gera grein fyrir svörum sínum ef kennarinn kallar eftir þeim.

1. Pétur, er hann raunverulegur? Eru margir strákar líkir honum?
2. Fjölskyldan hans, er hún venjuleg?
3. María er sjálfsörugg stelpa. Eru margar stelpur líkar henni?
4. Gæti samtál Maríu og Péturs í sjoppunni hafa gerst, verið einmitt svona?
5. Í draumi sínum er Pétur öruggur með sig og hún feimin, - rómantískt par. Dreymir unglínga mikið um ástina, eigin ástarævintýri?
6. Pétur gengur um í þoku, ástfanginn upp fyrir haus, en kemur þó ekki upp orði þegar hann er nálægt Maríu. Af hverju er allt í hnút?

Líklega þarf sjaldnast að draga saman niðurstöður, margir hópar munu fara á kaf í umræður um söguna og skyld efni og þá er um að gera að láta stemmninguna lifa. Umræðan má þó ekki dragast á langinn og ekki leiðast út í söguburð um nemendur í skólanum.

Lestrarferfiðleikar - upplestur

Sagan er létt aflestrar og svo skemmtileg að treglæsir nemendur eru vísir með að gleyma sér yfir henni. Hún höfðar mjög til unglunga sem er kostur því oft er erfitt að nálgast lesefni sem þeim finnst áhugavert en er um leið viðráðanlegt. Með góðum undirbúningi gæti hún líka hentað þeim vel til upplestrar sem stirðlæsir eru.

Verkefni - að búa til myndasögu eða ljósmyndaröð

Skiptið nemendum í hópa þannig að 3-5 séu saman. Einn úr hverjum hópi kemur með myndavél og hver hópur fær 12 mynda filmu. Verkefnið er að taka búa til myndasögu eða ljósmyndaröð úr sögunni og sýna samskipti Péturs og Maríu. Samskiptin í sjoppunni og samskiptin í draumnum. Hver hópur þarf að undirbúa sig vel.

1. Skipa í hlutverk Péturs, Maríu, vinkonu hennar, afgreiðslukonu í sjoppunni og kannski fleiri sjoppugesta. Ræða um búninga, leikmuni og tókustaði.
2. Ákveða 6 aðalmyndir, nákvæmlega hvað á að vera á hverri þeirra. Þær 6 myndir, sem eftir eru, á að nota í nærmyndir, t.d. eina nærmynd með hverri aðalmynd.
3. Skrifu handrit með 12 línur, einni fyrir hverja mynd. Brýna þarf fyrir nemendum að formið er knappt og fleiri myndir fást ekki, en helst skuli þær allar upp á vegg.
4. Velja málsgreinar úr sögunni, eina eða tvær með hverri væntanlegri mynd.
5. Velja tókustaði í nágrenni skólans, bera undir kennarann svo hópar rekist ekki á.
6. Taka myndirnar, skrá breytingar á handritið - ef einhverjar eru !!!
7. Þegar kennarinn hefur fengið filmurnar úr framköllun og allir hlegið nægju sína á að búa til veggspjald með myndasögunni og málsgreinum úr *Hérna ...* Kannski þarf að velja aðrar málsgreinar en áætlaðar voru í handriti en enginn annar texti á að fara á spjaldið - nema auðvitað nöfn höfunda myndasögunnar. Hengið spjöldin upp og lofið fleirum að njóta.

Handtakan

eftir Eðvarð T. Jónsson

bls. 107-121

Í þessari sögu er sjónarhornið lögreglumanns sem vinnur að handtöku unglingsstráks sem grunaður er um afbrot. Lítil systir stráksins fylgist með atburðarásinni, en hún og lögreglumaðurinn gefa lesanda samúðarfulla og gagnrýna sýn á vandann.

Forvarnir og umræður

Handtakan er dramatísk saga, atburðarásin hröð og æsileg. Persónur eru margar en lesandi skoðar atburðina út frá sjónarhorni lögreglumannsins sem er þátttakandi í atburðarásinni. Þótt nemendur hafi væntanlega séð margar löggumyndir er þetta óvenjulegt sjónarhorn og verður til þess að lesandi sér atburðina á gagnrýninn hátt. Hvort sem nemendur lesa söguna heima eða í skólanum er rétt að lesa síðustu blaðsíðuna saman upphátt. Ræða síðan um söguna og skoða hana frá mörgum hliðum.

1. Hvernig eru fjölskylduaðstæður barnanna í sögunni?
2. Af hverju reynir lögreglumaðurinn að ná stráknum út úr gámnum með góðu?
3. Hvað finnst ykkur um föðurinn sem er mættur á staðinn?
4. En um lögmanninn sem varð fyrir árás unglingahóps?
5. Finnst ykkur rétt að handtaka unglinga með þessum hætti?

Með eldri nemendum er upplagt að ræða um rétt einstaklinga í samfélaginu og siðferðileg álitamál.

1. Er rétt að nota litlu systurina til að finna strákinn?
2. Má lögreglan beita hvaða aðferðum sem er til að handtaka grunaða?
3. Njóta allir sömu réttinda í samfélaginu?

Verkefni - teiknum spennurit

Tilvalið er að fá nemendum það verkefni að teikna spennurit af sögunni (sjá lýsingu á spennuritum í umfjöllun um söguna *Axel*). Biðja síðan tvo og tvo að bera saman spennuritin sín, eru þau eins? Einnig mætti bera saman við spennurit af öðrum sögum ef til eru og ræða hvað er líkt með þeim og hvað ólíkt.

Verkefni - að semja framhald á söguna

Sögunni lýkur á handtöku en nemendum er falið að hugsa um framhaldið. Hvað verður um strákinn? En systur hans? Biðjið nemendur að segja sessunaut frá hugmyndum sínum um framhaldið. Þar má láta gott heita, en einnig mætti skrifa framhaldið niður. Hvetjið nemendur til að afmarka sig þá við fáeina daga. Það gæti hjálpað þeim að halda nálægðinni og dramatíkinni sem *Handtakan* býr yfir.

Leyniþræðir

eftir Guðrúnu Kristínu Magnúsdóttur

bls. 123-135

Í sögunni segir af leyniþráðum og unglingum, Silfá og Djonny diskó, Krókódilum, fjölskyldum og slysi sem hefur örlagaríkar afleiðingar. Sjónarhornið er stráksins sem er vinur Silfáar, sem horfir í augu fólks og þælir í samhengi hlutanna.

Lesum saman - fylgjum flugi sögumanns

Þessa sögu er sérlega gaman að lesa saman í kennslustund, nemendur og kennari. Þá gefst líka tækifæri til að ræða jafnóðum um frásagnartæknina, ekki síður en hugmyndirnar sem fram koma. Lesendur eru settir í spor unglingsstráks og fylgja hugsun hans og þælingum, jafnt um hversdagsleikann sem hinstu rök tilverunnar. Hann tekur flugið og túlkar allt sem fyrir augu og eyru ber af fyllstu einlægni. Bendum á hvernig sögumaður hleypur útundan sér, sagan hoppar fram og aftur í tíma og milli sögusviða - eins og í kvikmynd. Skáletur notar höfundur gjarnan til að leggja áherslu á raddir aðrar en sögumanns, smátt letur til að vekja athygli á útúrdúrum í hugsun hans. Uppsetningu textans er líka beitt til áhrifa m.a. á bls. 133 og 134.

Myndmál

Vert er að vekja athygli á áhrifaríku myndmáli, m.a. um hestana í upphafi sögu og á lokasíðunni þegar augu Silfáar tindra. Samlíkingar eru víða, "leyniþræðir titruðu eins og þandir gítarstrengir" (bls. 130), "Ég er eins og kátur tryggur hundur" (bls. 135), persónugervingar s.s. "Hver fruma í líkama mínum grætur af angist." (bls. 134), og myndhverfingar "Ég finn bylgjur af sársauka fossa eins og hafsjó og brim um mig allan." (bls. 134) - og myndmálið er ekki torskilið heldur aðgengilegt fyrir nemendur.

Umræður

Með yngri nemendum er líklega best að ræða söguna við allan bekkinn, en eldri nemendum mætti skipta í hópa og fá hverjum hóp spurningar að fást við.

1. Sagan hefst á einskonar forspili um leyniþræði. Til hvers ætli það sé?
2. Hvernig myndir þú lýsa sambandi Silfáar og sögumanns?

3. "Ég hef aldrei hitt eins óklúðraðan unglíng." segir sögumaður um Djonný diskó (bls. 127). Hvað skyldi hann eiga við? Hvað er svona óklúðrað?
4. Á bls. 128-129 er talað um klíkur, vináttu og hvernig strákar eru. Er þetta raunsönn lýsing, eruð þið sammála þessu?
5. Við sögulok er ljóst að sögumaður dæmir Agnar Harrason ansi hart. En það eru alltaf að minnsta kosti tvær hliðar á hverju máli. Hvernig horfir sagan við Agnari, hver eru líklega aðalatriðin frá hans bæjardyrum séð?
6. En yrði sagan allt öðruvísi ef Silfá segði hana? Hvað myndi breytast?
7. Hvað ætli höfundur vilji segja okkur með þessari sögu? Er einhver ákveðinn boðskapur sem hún vill koma til okkar?

Verkefni - skapandi og túlkandi

Tilvalið er að lofa nemendum að velja sér verkefni og hengja síðan allt upp á töflu til að allir geti séð að hægt er að túlka söguna á ótalmarga vegu.

1. Yrkja ljóð um slysið - vera í sporum Silfáar, sögumanns eða Djonnýs.
2. Teikna eða mála mynd út frá einni valinni setningu í sögunni.
3. Taka viðtal við Silfá í endurhæfingardvöl á Grensás, skrifa það fyrir dagblað.
4. Gera söngtexta eða lag sem Silfá og Krókóðilarnir flytja í Búðardal á laugardag.
5. Skrifa eina síðu í dagbók Agnars Harrasonar, kvöldið sem Silfá fer af Grensás.
6. Semja framhald eða nýjan endi á söguna.

Róður

eftir Guðjón Sveinsson

bls. 137-159

Sagan segir frá unglingspilti sem fer í róðra á trillubáti. Formaðurinn slasast um borð og þá reynir á drenginn, getur hann bjargað þeim og siglt bátnum heilum heim? Hann tekst á við vandann af einurð og festu - og honum tekst ætlunarverk sitt.

Hljóðlestur - heimalestur

Í *Róðri* er rólegur taktur framan af, en þegar slysið verður eykst spennan og við fylgjum drengnum í gegnum þessa eldskírn eða manndómsvígslu sem hann kemst úr

heill og stoltur. Sagan er nokkuð löng og því ráð að nemendur lesi hana heima eða í hljóði þegar gott færi gefst.

Áður en lesturinn hefst er sjálfsagt að ræða um að skáld hafa löngum fengist við að skrifa um mannafræðing, slíkir atburðir marki oft þáttaskil í lífi fólks. Í þessari sögu má segja að barn verði fullorðið við að standast sína eldskírni. Þetta skulu nemendur hafa bak við eyrað við lesturinn. Þeir skuli líka skrifa hjá sér orð og setningar sem þeir skilja ekki en láta það ekki trufla lesturinn því skýringa má leita síðar.

Íslandssaga - sjómennska

Tilvalið er að lesa *Róður* í tengslum við umfjöllun um atvinnuhætti á þessari öld og um sjómennsku fyrr og nú. Sagan gefur innsýn í atvinnuhætti sem eru á undanhaldi - veröld sem fæstir skólakrakkar þekkja af eigin raun. Hér eru lýsingar ítarlegar og myndrænar af umhverfi, aðbúnaði og verklagi - við erum um borð í trillunni með drengnum og formanninum. Margt í sögunni vísar til þess að þetta er lýsing frá fyrri tíð, t.d. nestið sem þeir félagar taka með sér á sjóinn og talsmáti formannsins, t.d. þegar hann býður drengnum hásetaplássið. Gaman væri að sýna nemendum góðar myndir af bátum og tækjum eins og þeim sem lýst er, en þær er t.d. að finna í *Íslenskum sjávarhátum*. Góðar hugmyndir um samþættingu kennslugreina og fjölbætt viðfangsefni er að finna í bók Lilju M. Jónsdóttur, *Skapandi skólustarf*.

Hér gefst jafnframt gott tilefni til umræðna um störf barna og unglinga, atvinnuþátttöku og ábyrgð. Samanburður við störf og ábyrgð nútímabarna gæti skapað skemmtileg skoðanaskipti. Þá ber að varast að gera lítið úr fjölmörgum viðfangsefnum nútímabarna og ábyrgð af öðrum toga, s.s. að vera ein og með sjálfum sér mikinn hluta dags og mæta hér og þar á réttum tíma.

Umræður um trú

Í sögunni skiptir trúin miklu máli, sbr. "Drengurinn blessaði Maríu í huganum fyrir alla hugulsemina. Kannski gæti hann einhvern tímann launað henni hana." (bls. 144) "Án hiks laut drengurinn höfði, spennti greipar og fór með sundurlausa, orðlausa bæn, sem beindist jafnt að guði og föður hans." (bls. 157) Tilvalið er að ræða við nemendur um trúna sem veitir drengnum styrk, um það hvernig hugsunin um föðurinn veitir

honum þor, um guðlega forsjón sem drengurinn trúir að leiði hann til lands svo hann fái launað Maríu konu formannsins alla gæskuna.

Verkefni - að búa til orðabók

Nemendur, tveir til fjórir saman, fara á bókasafn og leita skýringa á orðum og orðalagi sem þeir skildu ekki til fulls. Þeir búa til litla orðabók með orðskýringum og ljósrita eintak fyrir hvern og einn í hópnum. Á forsíðuna teiknar hver nemandi sína mynd úr *Róðri*.

Við gerð og uppsetningu orðabóka má kenna nemendum sitthvað um orðabækur yfirleitt og sýna þeim að þær geyma ekki allar sömu upplýsingarnar. Kröfur um uppsetningu og upplýsingar í orðabókum nemenda þarf að miða við aldur þeirra og fyrri kynni af orðabókum.

Faðir og sonur

eftir Eysteinn Björnsson

bls. 161-173

Sagan fjallar um samband föður og sonar á unglingsaldri. Faðirinn fylgir syninum í tenniskeppni og sér til mikillar undrunar horfir hann á soninn tapa keppninni. Lýst er væntingum og vonbrigðum beggja - af næmi og innsæi.

Lesum heima - lesum saman

Þessi saga gerir það næstum áþreifanlegt fyrir lesendum hvernig reynsla hvers manns er einstök og ólík reynslu annarra, jafnvel þegar um einn og sama atburð er að ræða. Sagan er í fyrstu sögð frá sjónarhóli föðursins, en síðan skiptir snögglega um (efst á bls. 170) og sagan er sögð frá sjónarhóli stráksins. Í blálokin, á bls. 173, færast sjónarhornið frá þeim feðgum og við sjáum úr fjarlægð þar sem þeir hittast og ganga saman að bílnum. Áður en nemendur hefja lesturinn er gott að benda þeim á að í sögunni skiptir um sjónarhorn og þess vegna sjáum við sama atburð eins og frá tveimur hliðum í senn. Að loknum heimalestri eða hljóðlestri er síðan ráð að lesa saman síðustu blaðsíðuna til að leiða að umræðum um söguna.

Umræður um væntingar og vonbrigði

Þar sem sagan lýsir samskiptum foreldris og unglings af miklu innsæi er ráð að nýta hana til að ræða þetta viðkvæma mál, væntingar og vonbrigði á báða bóga. Frjáls umræða eða samtal nemenda og kennara á líklega betur við en umræður í litlum hópum. Samúð lesanda er líklega mest með syninum og því er mikilvægt að kennari dragi fram það sem faðirinn hefur sér til málsbóta. Hann er ekki bara kröfuharður og ósanngjarn, hann er líka stoltur, bjartsýnn og sigurviss fyrir hönd sonar síns - en kannski sigurviss um of.

1. Fyrst finna nemendur nákvæmlega hvar skiptir um sjónarhorn og svo má spyrja:
Skiptir einhverju máli að skipt er um sjónarhorn? Væri sagan eins ef alvitur höfundur og fjarlægari segði alla söguna (þ.e. sama sjónarhorn og í sögulok)?
2. Eru væntingar föðursins eðlilegar? Skiljanlegar? Hættulegar?
3. Hvað segja viðbrögð stráksins við ósigrinum um líðan hans yfirleitt?
4. Virðist verða breyting á sambandi föður og sonar eftir þennan ósigur?

5. Verða atvik sem þetta til góðs í samskiptum foreldra og barna? Af hverju (ekki)?

Hlutverkaleikur

Ef þessi saga er notuð sem útgangspunktur í viðameiri umfjöllun um samskipti unglinga og foreldra er spennandi að nota hana sem kveikju í hlutverkaleik. Þá væri sagan sá atburður sem mótar forsendur hlutverkaleiks þar sem einn fer með hlutverk sonarins og annar föðurins. Þeir spinna söguþráðinn áfram og gera þannig tillögur að framhaldi sögunnar. Áhorfendur í bekknum ræða síðan um leikinn, velta fyrir sér túlkun leikenda og spá í hvort fleiri leiðir séu færar - hvort eitthvert annað framhald sé líklegra, trúverðugra eða betra í samskiptum feðganna. Stutta umfjöllun um hlutverkaleiki er að finna í bók Ingvars Sigurgeirssonar, *Litróf kennsluaðferðanna*, en ítarlegri tillögur og fleiri góðar hugmyndir eru í bók Önnu Jeppesen, *Mál og túlkun*.

Verkefni - tveggja manna tal um samskipti

Tveir og tveir ræða saman um samband foreldra og barna, meðal annars um hvað er mikilvægt og dýrmætt í samskiptum þeirra, og hvað óþolandi og skemmandi. Reynið að komast að sameiginlegri niðurstöðu og skrá hana á blað. Ef við á getur kennari hengt blöðin upp á vegg eða unnið úr þessum niðurstöðum með frekari umræðu síðar.

Verkefni - er munur á kynjunum?

Ræðið í litlum hópum um hvort þessi saga hefði verið svipuð ef hún hefði fjallað um móður og dóttur. Hvað hefði verið öðruvísi? Í framhaldi af þessu er gott að ræða um hvort munur sé á sambandi barna/unglinga við föður og móður. Hvað er ólíkt? Er munur á sambandi stelpna og stráka við foreldra sína? Er þessi munur einstaklingsbundinn eða hafið þið svipaðar skoðanir um þennan mun?

Brynjan

eftir Fríðu B. Andersen

bls. 175-177

Sagan fjallar um brynju sem er trygg og húsbóndaholl. Hún skorar yngri brynju á hólmi og hefur sigur. Frásagnaraðferðin minnir á ævintýri og dæmisögur, enda fjallar sagan öðrum þræði um gildi sem eru óháð stað og stund.

Upplestur - upplestrarkeppni

Tilvalið er að fá þrjá eða fjóra nemendur til að undirbúa söguna til upplestrar eða kennari lesi hana upp sjálfur fyrir bekkinn. Sagan er kjörið viðfangsefni ef kenna á nemendum upplestur og þá mætti nýta myndbandið *Hátt og snjallt*. Ef nemendur eru í 7. bekk er og vert að kynna sér *Upplestrarkeppni í 7. bekk grunnskóla* og athuga möguleika á þátttöku. Að keppninni standa fjölmargir aðilar en verkefnisstjóri er Sesselja G. Sigurðardóttir, kennari í Öldutúnsskóla í Hafnarfirði.

Umræða um gildi og gildismat

Að loknum lestri sögunnar má ræða við nemendur um þau gildi sem þarna eru hafin til vegs. Sagan er dæmisaga um hvernig hroki ungu brynjunnar verður henni að falli, og hvernig sá sem er trúr og tryggur uppsker að lokum. Einnig má ræða um textatengsl, hvernig dæmisögur og smásögur eins og þessi eiga sér gjarnan samsvörun í spakmælum og orðtökum - dramb er falli næst. Þekkja nemendur einhverja samsvörun úr sjónvarpsþáttum eða barnasögum? Minna má á að þessi speki er gömul og á sér hliðstæðu í bókmenntum og menningararfí margra þjóða.

Verkefni - að búa til spakmæli

Nemendum eiga nú að búa til spakmæli um þau gildi sem haldið er á lofti í sögunni. Kennari skráir þau síðan öll á eitt blað og líklegt er að þar fljóti með einhver gullkorn.

Persónugervingar

Brynjan er prýðileg saga til að útskýra hugtakið persónugerving fyrir nemendum. Ekki bara tæknilega - hvernig skáld býr til persónugervingu - heldur miklu fremur merkingarlega - hvernig persónugervingin gerir söguefnið lifandi og spennandi.

Brynjurnar báðar eru gæddar mannlegum eiginleikum, þær hugsa og tala og þær búa yfir tilfinningum, "Gömlu brynjunni sárnaði svo að henni sortnaði fyrir augum ..."
(bls. 176). Höfundur heldur áfram að leika sér með þessa persónugervingu og brynjan verður í senn járnverk og lifandi mannvera, "... og brátt streymdu olútár í stríðum straumum niður eftir henni allri." (bls. 176). Bendið á að sama tvíræðni kemur fram víðar, t.d. á bls. 177 þegar það "ískraði í þeirri gömlu".

Grímur Óðins grenjaskytta

eftir Hermann Stefánsson

bls. 179-191

Sagan er fyndin og full af hlýju - frásögn af dreng sem vill veiða ref en hlífir refnum þegar á reynir. Í glettinni frásögninni eru þó alvarlegri undirtónar sem geta vakið upp stærri spurningar, m.a. um rétt mannsins til að drottna yfir dýrunum.

Leiklestur - skemmtilestur

Mikið er um samtöl í sögunni og hún því vel fallin til leiklestrar (sjá Leiklestur í umfjöllun um *Grímsa bróður*). Hún er líka tilvalin sem saga til upplestrar í nestistíma nemenda eða til skemmtunar á kvöldvöku eða við önnur tækifæri.

Umræður um hugtök

Í sögulok er minnst á ýmis hugtök sem nemendur hafa mismikinn skilning á. Hvað er 6. skilningarvitið? Gott er líka að ræða við þá um merkingu hugtakanna æðruleysi, drengskapur og jafnrétti. Minna á að merkin hugtaka er menningarbundin og nátengd lífsafstöðu og gildismati hvers einstaklings - og þess vegna leggja menn stundum mismunandi merkingu í eitt og sama hugtakið. Hvað er karlmennska? Er til kvenmennska? Getum við orðið sammála um hvað í þessum hugtökum felst?

Verkefni - leikgerð fyrir útvarp

Eldri nemendur gætu einnig spreytt sig á að útbúa handrit til leiklestrar í útvarpi. Það má gera á nokkuð einfaldan hátt:

1. Ljósrita alla söguna á stækkuðu formi.
2. Afmarka öll samtöl persóna, þau verða óbreytt.
3. Taka hugsanir persóna/sögumanns, stytta vel og snúa upp í eintal.
4. Stytta umhverfislýsingar en þær mun þulur eða sögumaður lesa. Velja ef hægt er táknræn leikhljóð og umhverfishljóð í stað texta, s.s. tölvuhljóð eða lágvært útvarpsgaul (herbergi systkinanna), fugl tístir (úti í móa), baul (í fjósi).
5. Klippa, líma og bæta inn textum þannig að úr verði snyrtilegt vinnuhandrit.

Síðan er tilvalið búa til leikhljóð og taka upp umhverfishljóð á segulband. Þá þarf að skipa í hlutverk persóna og þular og æfa lesturinn vel. Taka síðan allt saman upp á eitt segulband, en leikhljóðin eru þá framkölluð eða gerð samtímis lestrinum og umhverfishljóð spiluð af öðru segulbandi þar sem við á. Mikilvægt er að gæta þess að áherslan fari ekki öll í tæknilegar þælingar og upplesturinn verði þungamiðja verksins - en vísast er að nemendur hafi gaman af þessu. Segulbandsupptökuna má svo gjarnan flytja á bekkjarskemmtun eða á útvarpsstöð skólans - en margir skólar setja upp eigin útvarpsstöð þegar menningar- eða þemadagar af einhverju tagi standa yfir.

Einstaklingsverkefni

Áfram Óli!

eftir Brynhildi Þórarinsdóttur

bls. 9-14

1. Í sögunni er vinátta barnanna þriggja sterk og einlæg. Hvernig kemur það fram?
2. Hvaða áhrif hefur slysið á líf þeirra Möggu og Tarzans?
3. Stundum er talað um hápunkt eða vendipunkt í smásögu. Hvaða setning eða setningar finnst þér marka þennan punkt í þessari sögu?
4. Lestu vel lokasetningu sögunnar. Hvað merkir hún?

Grímsi bróðir

eftir Emilíu Baldursdóttur

bls. 15-31

1. Í sögunni eru tvær aðalpersónur, Grímsi sem er mest áberandi og Gréta sem segir söguna. Þú skalt taka autt blað og búa til tvo dálka, annan fyrir Grímsa og hinn fyrir Grétu. Á meðan þú lest söguna skaltu skrifa niður stikkorð eða örstuttar setningar um það sem þér finnst athyglisvert og einkennandi fyrir systkinin. Skoðuðu hegðun þeirra og framkomu, samskipti þeirra við aðra, útlit og allt annað sem þér finnst áhugavert. Að lestri loknum skaltu velta fyrir þér spurningunni; hvað er líkt og hvað ólíkt með systkinunum?
2. Hvort átt þú meira sameiginlegt með Grétu eða Grímsa? Af hverju?

3. Hvaða saga af Grímsa finnst þér fyndnust? Af hverju einmitt þessi?
4. Sagan hefst á því að Gréta fullyrðir að Grímsi sé ekki "beint lyginn - en hann býr til alveg rosalegar sögur."(bls. 15) Hver er munurinn á lygi og sögu?

Græni jakkinn

eftir Úlfar Harra Elíasson

bls. 33-39

1. Hugsaðu um ógnina sem sögumanni stendur af fjallinu og hljóðinu sem "var í senn nístandi harmakvein og tælandi fögur tónlist" (bls. 34). Hvernig finnst þér hljóðið hljóma? Hverju líkist það?
2. Hvað finnst sögumanni svona óttalegt, hættulegt?
3. Hver heldur þú að það hafi verið sem hvarf til fjallsins í þetta sinn?

Skuggar húsanna

eftir Guðríði Lillý Guðbjörnsdóttur

bls. 41-51

1. Á meðan þú lest söguna skaltu setja þig í spor stelpunnar sem segir söguna. Hugaðu að því hvernig henni líður í byrjun og hvernig líðan hennar breytist.
2. Mamman er þreytt og vonleysisleg og pabbinn fremur ógeðfelldur, en þú skalt gæta að því hvað þér finnst jákvætt við þau.
3. Nú skaltu þrjóna við söguna í huganum. Hvað gerðist þetta kvöld?
4. Skrifðu stuttan kafla sem gæti verið framhald á sögunni. Gættu þess að halda þig við sama sjónarhorn og segja söguna með orðum Helgu.

Lífsins Steinn

eftir Elías Snæland Jónsson

bls. 53-66

1. Hvaða áhyggjuefni eru að angra Siggú?
2. Rifjaðu upp söguna af Gilitrutt ef þú hefur heyrt hana. Hvað er líkt með Gilitrutt og konunni sem situr við ána?
3. Af hverju birtist konan ekki fyrr en mamma fór að skoða gilið fyrir ofan fossinn?
4. Konan gaf Siggú lífstein í seinna sinnið sem þær hittust. Heldur þú að steinninn stuðli að því að amman verði frísk á ný?
5. Trúir þú á lífsteina, heillasteina eða lukkugripi? Af hverju (ekki)?

Snigill og stuttbuxur

eftir Kristínu Heiðu Kristinsdóttur

bls. 67-71

1. Aðalpersónur sögunnar eru smástrákur og gamall karl. Hvað tengir þá saman?
2. Drengurinn lærir að umgangast dýr, bæði smá og stór. Hvernig framkomu sýnir hann þeim?
3. Afi hafði kennt drengnum að dauðinn er eðlilegur þáttur í tilverunni. Hvaða áhrif hefur það á stráksa?

Addi bróðir minn

eftir Jón Dan

bls. 73-89

1. Þegar þú lest söguna skaltu af og til spyrja sjálfa/sjálfan þig: Hvernig liði mér ef ég væri systir/bróðir Adda?
2. Hvaða aðra leið hefði Addi bróðir getað valið út úr vanda sínum?
3. Hvaða lærdóm má draga af þessari sögu?

Axel

eftir Guðrúnu Geirsdóttur

bls. 91-98

1. Fylgstu með því í sögunni hvernig stelpurnar kynnast. Hvernig gerist það?
2. Hvernig birtist samúð þeirra með gamla manninum sem á köttinn?
3. Í sögulok sprettur vinátta af sorglegum atburði. Af hverju ætli stelpurnar verði trúnaðarvinkonur eftir þessa reynslu?
4. Skrifðu stutta hugleiðingu um vináttu, hvað það er sem felst í sannri vináttu.

Hérna ...

eftir Brynhildi Þórarinsdóttur

bls. 99-105

1. Lestu söguna og reyndu að gera þér í hugarlund hvernig Pétri líður. Hefur þér einhvern tímann liðið svona?
2. Settu þig í spor Maríu, hún er frökk í framkomu - en hvernig ætli henni líði?
3. Heldur þú að Pétur og María byrji saman? Af hverju (ekki)?

Handtakan

eftir Eðvarð T. Jónsson

bls. 107-121

1. Hugsðu um litlu telpuna sem er hrædd um bróður sinn og fer með lögreglumanni að leita hans snemma morguns. Hvernig liði þér í hennar sporum?
2. Skrifðu stutta hugleiðingu;
Um það hvað bíður stráksins daginn eftir handtökuna, eða um hvernig hægt sé að forða unglingum frá því að leiðast út í afbrot.

Leyniþræðir

eftir Guðrúnu Kristínu Magnúsdóttur

bls. 123-135

1. Lestu söguna og punktaðu hjá þér eða strikaðu undir (ef það má!) þær setningar sem vekja sérstaka athygli þína, eru mjög sorglegar, fyndnar, flottar ...
2. Að lestri loknum skaltu líta á setningarnar. Hvað segja þær um þig sem lesanda? Hrífstu af sterkum myndum, af húmor og glettni, af sterkum tilfinningum og sorg?
3. Að lestri loknum skaltu velta fyrir þér spurningunum: Hver er kjarninn í þessari sögu? Hvaða boðskap flytur hún mér? Taka svo fram blað og penna og skrifa þrjár, fjórar setningar um kjarnann, boðskapinn.

Róður

eftir Guðjón Sveinsson

bls. 137-159

1. Á meðan þú lest söguna skaltu staldra við af og til og spyrja sjálfa(n) þig: Hvernig myndi mér líða í sporum stráksins? Myndi ég bregðast öðruvísi við?
2. Setjum sem svo að atburðurinn sem lýst er hafi gerst í gær. Skrifaðu stutta frétt um hann, fléttaðu inn viðtöl við strákinn eða formanninn ef þér sýnist það henta.

Faðir og sonur

eftir Eysteinn Björnsson

bls. 161-173

1. Fyrri hluti sögunnar er sagður frá sjónarhorni föðurins, en síðari hlutinn frá sjónarhorni sonarins. Finndu staðinn þar sem skipt er um sjónarhorn. Af hverju er skipt um sjónarhorn einmitt þarna? Myndi það breyta miklu ef þessu væri snúið við og fyrri hlutinn væri frá sjónarhorni sonarins en sá seinni frá sjónarhorni föðurins? Hugsaðu þig vel um.
2. Að loknum lestri skaltu hugleiða framhaldið, hvaða áhrif hefur þessi atburður á samband föður og sonar?
3. Skrifðu ljóð eða stutta hugleiðingu út frá þessari sögu.

Brynjan

eftir Fríðu B. Andersen

bls. 175-177

1. Hvaða boðskapur er fólgin í þessari sögu?
2. Skoðaðu í þinn sagnasjóð. Hvaða skáldsögur, ævintýri, þjóðsögur eða kvikmyndir þekkir þú sem hafa svipaðan boðskap að flytja?

Grímur Óðins grenjaskytta

eftir Hermann Stefánsson

bls. 179-191

1. Grímur Óðins og Hildur systir hans eru ósammála um veiðar á villtum dýrum (bls. 182-184). Hvort tekur þú afstöðu með Hildi eða Grími? Hver eru þín rök í málinu?
2. Grímur Óðins er ellefu ára og vill verða refaskytta þegar hann verður stór. Samt hlífir hann refnum þegar á hólminn er komið. Finnst þér rétt af honum að gera það eftir allt erfiðið? Af hverju (ekki)?
3. Veltu fyrir þér karlmennsku Gríms grenjaskyttu. Í hverju er karlmennskan fölginn?

Heimildir

Anna Jeppesen. 1994. *Mál og túlkun*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Anna G. Magnúsdóttir og Páll Ólafsson. 1990. *Áttavittinn: kennslubók um fjölmiðla*. Reykjavík: Mál og menning.

Baldur Sigurðsson. 1997. *Upplstrarkeppni í 7. bekk grunnskóla 1997-1998. Handbók kennara og skólaskrifstofa*. Undirbúningsnefnd um landskeppni í upplestri.

Hafsteinn Karlsson. 1996. *Ljóðagerð með börnum: handbók fyrir kennara*. (Þýðing og staðfæring Hafsteins á bók Jo Ellen Moore og Joy Evans *Writing Poetry with Children*)

Hátt og snjallt. 1997. (Myndband um vandaðan upplestur.) Höfundar: Björg Árnadóttir og Sonja B. Jónsdóttir. Undirbúningsnefnd um landskeppni í upplestri gaf út. Dreifing: Námsgagnastofnun. 22 mínútur.

Hugtök og heiti í bókmenntafræði. 1983. Ritsstj. Jakob Benediktsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Mál og menning.

Ingvar Sigurgeirsson. 1998. *Litróf kennsluáferðanna: Handbók fyrir kennara og kennaraefni*. Tilraunaútgáfa. Bóksala kennaranema.

Í fáum dráttum. Tólf íslenskar smásögur í skólaútgáfu. 1979. Njörður P. Njarðvík sá um útgáfuna. Reykjavík: Mál og menning.

Lilja M. Jónsdóttir. 1996. *Skapandi skólastarf: Handbók fyrir kennara og kennaranema um skipulagningu þemanáms*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Nodelman, Perry. 1992. *The Pleasures of Children's Literature*. New York: Longman.

Raddir barnabókanna. Greinasafn um barna- og unglingabókmenntir sem Mál og menning gefur út á haustmánuðum 1998.

Þuríður Jóhannsdóttir. 1998. Út fyrir borgarveggina - um þjóðlegan menningararf og sýn á íslenska náttúru í nokkrum nýlegum barnabókum. *Raddir barnabókanna*. Reykjavík: Mál og menning. (væntanleg haustið 1998)